



Reglur um val á landsliði fyrir Norðurlandamót 2018 (Samþykktar af stjórn í febrúar 2017)

1. Tímasetning

Norðurlandamótið í pílukasti 2018 verður í Finnlandi í maí 2018. Landslið Íslands, átta karlar og fjórar konur, verður valið í febrúar 2018.

2. Stigamót og stigalistar

Stigamót verða eins og venja hefur verið. Vegna norðurlandamóts 2018 skoðast gild stigamót á tímabilinu mars 2017 til febrúar 2018 (báðir mánuðir meðtaldir). Að meðtöldu Íslandsmóti í 501 árið 2017 verða gild mót því a.m.k. 13 talsins. Hjá hverjum keppanda teljast stig fyrir 10 bestu stigamót tímabilsins. (Ef tveir keppendur eru jafnir að stigum. Þá verða öll síðustu 6 mót talin. Ef þeir verða enn jafnir, þá síðustu 3. Ef þeir verða enn jafnir spila þeir 1 leik best af 7.)

Ekki er leyfinlegt að taka þátt í hreinu stigamóti í öðrum landshluta en þeim sem þú hefur almenna búsetu í.

Stjórn ÍPS áskilur sér rétt til þess að veita opnum mótum á Íslandi leyfi til stigagjafar, stigagjöf skal fylgja sömu reglum og stigagjöf á Íslandsmeistaramóti í 501. Sé opið mót samþykkt til stigagjafar, verða talin mót fleiri, og 10 bestu mót telja til stiga. (Reglur fyrir opin mót má finna á heimasíðu sambandsins)

3. Landsliðsval og röðunarmót

Karlar: Tveir efstu menn á stigalista Suðurlands fá sjálfkrafa boð um sæti í landsliðinu. Keppendur í 3.-10. sæti mæta þeim sem verða í sætum 1-4 á lista Norðurlands í keppni um hin sex sætin í liðinu.

Ef viðkomandi einstaklingar hyggjast ekki mæta á röðunarmót er heimilt að fara neðar á stigalista. Leiknir verða þeir leikir sem þarf til að ljúka meðfylgjandi riðli. (1 og 0 tákna vinning og tap, en enga skráða leggi.) Keppni er fyrirhuguð í febrúar 2018. Þeir sem ekki mæta fyrirgera rétti sínum til landsliðssætis. (Óviðráðanlegar fjarvistir e.t.v. athugaðar.). Leikið er best af 7.

	S3	S4	S5	S6	S7	S8	S9	N 1	N 2	N 3	N 4
S3	■	1	1	1	1	1	1				
S4	0	■	1	1	1	1	1				
S5	0	0	■	1	1	1	1				
S6	0	0	0	■	1	1	1				
S7	0	0	0	0	■	1	1				
S8	0	0	0	0	0	■	1				
S9	0	0	0	0	0	0	■				
N 1								■	1	1	1
N 2								0	■	1	1
N 3								0	0	■	1
N 4								0	0	0	■

Konur: Fjórar efstu á stigalista Suðurlands og fjórar efstu á stigalista Norðurlands mætast. Ef viðkomandi einstaklingar hyggjast ekki mæta á röðunarmót er heimilt að fara neðar á stigalista. Leiknir verða þeir leikir sem þarf til að ljúka meðfylgjandi riðli. (1 og 0 tákna vinning og tap, en enga skráða leggi.) Keppni er fyrirhuguð í febrúar 2018 þær sem ekki mæta fyrirgera rétti sínum til landsliðssætis. (Óviðráðanlegar fjarvistir verða e.t.v. athugaðar.) Leikið er best af 7

	S1	S2	S3	S4	N1	N2	N3	N4
S1		1	1	1				
S2	0		1	1				
S3	0	0		1				
S4	0	0	0					
N1						1	1	1
N2					0		1	1
N3					0	0		1
N4					0	0	0	

Ungmenni: Stjórn ÍPS ásamt landsliðsþjálfara áskilur sér rétt á vali á ungmönnum til keppnis, verði ungmannaþing til staðar á mótinu. Ungmenni teljast 18 ára og yngri.

5. Styrkur vegna ferðakostnaðar
Óákveðinn.

6. Frávik og fyrirvarar

Reglur þessar eiga við norðurlandamót 2018. ÍPS áskilur sér rétt til að gera nauðsynlegar breytingar á þeim af ófyrirsjáanlegum ástæðum.

Landsliðsþjálfara er heimilt að velja einn aðila í landslið sem hefur ekki tekið þátt í stigamótum eða úrtökumóti. En þjálfarinn verður að geta sýnt fram á með rökum afhverju sá aðili ætti að fá landsliðssæti frekar en einhver annar sem hefur tekið þátt í stigamótum eða úrtökumóti

Landsliðsþjálfari mun raða mönnum í A-lið og B-lið og þarf ekki að horfa á röðun manna eftir úrtökumót eða stigamót.